

veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, vera upptækt og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Svo greiði kærði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hans hér fyrir réttinum, Páls Þorbjörnssonar, kr. 300.00.

**Því dæmist rétt vera :**

Kærði, Benóný Friðriksson, greiði kr. 29500.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi í stað sektarinnar 7 mánaða varðhald, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í v/b Andvara T. H. 101, skal vera upptækt og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Loks greiði kærði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hans hér fyrir réttinum, Páls Þorbjörnssonar, kr. 300.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 27. nóvember 1950.

Nr. 101/1950. **Vikublaðið Fálkinn** (Magnús Thorlacius)

gegn

**Oscari Clausen** (Enginn).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og  
próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd.  
Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans  
Hallvarðssonar.

Skuldamál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Stefndi, sem hefur verið löglega birt áfrýjunarstefna í máli þessu, útgefin 17. júní þ. á., hefur hvorki sótt né látið sækja þing í Hæstarétti. Er málið því flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Áfrýjandi hefur gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 1320.60 með 6% ársvöxtum

frá 31. desember 1945 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram vottorð frá öllum dagblöðum landsins svo og frá heimilisblaðinu Vikunni þess efnis, að það sé föst venja, að blöð þessi séu falin útsöllumönnum til umsýslusölu. Verður að telja, að stefnda hafi og verið falið blað áfrýjanda til útsölu með þeim hætti. Krafa áfrýjanda sætir því eigi fyrningu samkvæmt 3. gr. laga nr. 14/1905, og ber því að taka hana til greina.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00.

#### Dómsorð:

Stefndi, Oscar Clausen, greiði áfrýjanda, Vikublaðinu Fálkanum, kr. 1320.60 með 6% ársvöxtum frá 31. desember 1945 til greiðsludags og kr. 1200.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júní 1950.

Mál þetta, er dómtekið var 24. f. m., hefur Vikublaðið Fálkinn, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefni 27. desember 1949 gegn Oscari kaupmanni Clausen, Þingholtsstræti 11, hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1320.60 með 6% ársvöxtum frá 31. desember 1945 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavexti kveður stefnandi þá, að stefndi hafi haft útsölu á vikublaðinu Fálkanum í Ólafsvík og stafi skuld þessi af þeim viðskiptum.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að krafa þessi sé fyrnd.

Stefnandi hefur hins vegar talið, að stefndi hafi aldrei gert reikningsskil vegna útsölu þessarar, og þar eð vanrækt hafi verið að skýra frá atvikum, er krafan byggist á, sé hún ekki fyrnd, sbr. 7. gr. laga um fyrningu.

Í yfirliti því, er stefnandi hefur lagt fram í málinu og dagsett er 31. desember 1945, er skuld stefnda miðað við 1. janúar 1946 talin vera kr. 1320.60, eða sama fjárhæð og stefnt er um í máli þessu. Verður því ekki séð, að stefnanda hafi verið óljós atvik að kröfu sinni, er stefndi eigi sök á. Krafa sú, er hér um ræðir, lýtur ákvæðum 3. gr. laga nr. 14 frá 1905 um fyrningu á fjórum árum. Stefna í máli þessu var ekki birt fyrr en 2.

janúar s.l. Er krafan því fyrnd, og ber að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Oscar Clausen, á að vera sýkn af kröfu stefnanda, Vikublaðsins Fálkans, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

---

Miðvikudaginn 29. nóvember 1950.

Nr. 165/1949. **Vilhjálmur S. V. Sigurjónsson**

gegn

**Félagsprentsmiðjunni.**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Vilhjálmur S. V. Sigurjónsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---